



Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Akranesi 1.4.2016

Tilvísun: V201603014

**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktarlands (þingskjal 102 -102 mál)**

Visað er til erindis frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 16. mars 2016 þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktarlands, 102. mál.

Landmælingar Íslands hafa áður bent á að nokkuð skortir á að á Íslandi séu til eða aðgengileg nákvæm grunnkort til að gefa nákvæmt yfirlit t.d. um náttúruauðlindir, mannvirki, eignamörk og stjórnsýslumörk. Þrátt fyrir þetta hefur ýmislegt áunnist á síðustu árum og má í því sambandi nefna vistgerðaflokkun og uppbygging á NATURA 2000 samstarfsneti (<http://www.ni.is/grodur/vistgerdir>) sem unnið er að hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, svokölluð CORINE kortagerð á landgerðum og landnotkun (<http://www.lmi.is/um-landmaelingar/fjarkonnun/corine/>) sem unnið hefur verið að hjá Landmælingum Íslands og verkefnið Nyttjaland sem er samstarfsverkefni Landbúnaðaháskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Bændasamtaka Íslands og Landbúnaðarráðuneytisins (<http://www.nvtjaland.is/landbunadur/wgrala.nsf/key2/nvtjaland.html>). Verði þingsályktun um flokkun, vernd og skráningu ræktarlands samþykkt á Alþingi er stigið jákvætt skref við að stuðla að samræmingu á gögnum ólíkra stofnana og samtaka og móta stefnu við öflun nýrri og nákvæmari gagna um ræktarland á Íslandi.

Þess ber að geta að við skráningu og kortagerð á túnnum og öðru ræktarlandi er þörf á að nota ýmsar aðrar landupplýsingum sem ekki eru endilega til eða aðgengilegar fyrir opinbera aðila. Þessi gögn eru t.d. túnakort Bændasamtaka Íslands, nákvæmur loftmyndagrunnur af landinu, nákvæmt hæðarlíkan af landinu, nákvæm mörk lóða og landeigna og vel skilgreind strandlína og stórstraumsfjörumörk

Árið 2011 voru samþykkt á Alþing lög nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar. Markmið laganna er meðal annars að tryggja að opinberum landupplýsingum sé safnað einu sinni, þeim viðhaldið þar sem hagkvæmast er og þau gerð aðgengileg öllum. Landmælingar Íslands leggja áherslu á að við skráningu og kortagerð ræktarlands á Íslandi sé unnið í samræmi við lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsinga.

Landmælingar Íslands eru reiðubúnar að veita frekari upplýsingar um framangreint sé þess óskað.

Magnús Guðmundsson, forstjóri